

Gjaldskrá vatnsveitu fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði verður eftirfarandi 2015:

Vatnsgjald er 0,20% af fasteignamati íbúðarhúsa, lóða og atvinnuhúsnæðis. Þó að hámarki 35 þúsund krónur.

Heimæðagjald vatnsveitu Skeiða-og Gnúpverjahrepps er kr. 185 þúsund árið 2015. Innifalið í gjaldinu er tenging við vatnsveitu sveitarfélagsins og efniskostnaður síðustu 25 metra að húsi miðað við 25mm. þvermál rörs. Skilyrt er að starfsmaður sveitarfélagsins sjái um tengingu við vatnsveitu og samþykki frágang lagnar. Gjaldtaka hefst eftir að starfsmaður sveitarfélagsins hefur staðfest tengingu þó ekki sé lokið byggingum sem til standa á eigninni.

Vatnsgjald sumarhúsa 24.000.-kr.

Í fyrirtækjum og hjá einstaklingum þar sem vatn er notað umfram það sem talist getur eðlilegt, eða þar sem rekstur krefst mikillar vatnsnotkunar, er heimilt auk vatnsgjalds að innheimta sérstakt gjald notkunargjald. Notkunargjald skal notandi að jafnaði greiða samkvæmt notkun vatns mældri í rúmmetrum. Notkunargjald er 23 kr/m³.

Fyrir rennismæla skal greidd mælaleiga á ári eftir stærð mælis:

15 mm 7.386 kr. 20 mm 7.522 kr. 25 mm 9.683 kr. 32 mm 10.842 kr.
50 mm 15.965 kr. 80 mm 41.787 kr

Gjald dagar vatnsgjalds eru þeir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

Gjaldskrá þessi og reglur eru samdar og samþykktar af sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps skv. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004

Heimæðargjald miðast við byggingarvísitölu og uppfærast á hverju ári.

Byggingarvísitala í janúar 2009 489,6 stig.

Byggingarvísitala í janúar 2015 605,7 stig.